

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

15. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn í fundarsal, 7. hæð Borgartúni 10-12 föstudaginn 10. október 2008.

Mættir voru eftirtaldir nefndarmenn:

Frá Reykjavíkurborg:	Júlíus Vífill Ingvarsson
Frá Kópavogsbæ:	Einar kr. Jónsson og Jón Júlíusson
Frá Hafnarfirði:	Gísli Ó Valdimarsson
Frá Garðabæ:	Stefán Konráðsson
Frá Mosfellsbæ:	Finnur Birgisson
Frá Seltjarnarnesi:	Ólafur Egilsson
Frá Álftanesi:	Kristinn Guðmundsson og Kristinn Guðlaugsson
Frá Skipulagsstofnun:	Hafdís Hafliðadóttir

Ennfremur sátu fundinn Birgir H. Sigurðsson og Smári Smáráson frá Skipulags- og umhverfissviði Kópavogsbæjar, Haraldur Sigurðsson frá Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og gengið var til dagskrár:

Þetta gerðist.

1. mál. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt með leiðréttingu á 3. lið fundargerðarinnar um samþykkti á heimild til almennrar kynningar á Kársnes - vestur

2. mál: Erindi Kópavogsbæjar vegna Kársnes - vestur

Fyrir fundinum lá erindi Kópavogsbæjar dags. 10. október 2008 þar sem þess er farið á leit við Samvinnunefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að erindi er varðar breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Kársnes - vestursvæði verði afgreitt skv. 2. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Málið var áður til umfjöllunar á 14. fundi nefndarinnar þar sem samþykkt var að heimila að það færi í almenna kynningu.

Birgir H. Sigurðsson fór yfir málið f.h. Kópavogsbæjar gerði grein fyrir almennum kynningarfundum vegna málsins 25. september sl., fjallaði um bókun um landfyllingar sem gerð var á fundi nefndarinnar 8. september sl. vegna málsins, upplýsti um samþykkt bæjarráðs Kópavogs frá 2. október um lokun losunarstaðar fyrir fyllingarefni, og gerði að öðru leyti grein fyrir þeim breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðinu sem tillagan snýst um.

Þá var farið sérstaklega yfir afmörkun landfyllingar og afstöðu m.t.t. sveitarfélagamarka.

Afgreiðsla:

- Að tillögu formanns var afgreiðsla málsins frestað til næsta reglulega fundar nefndarinnar.

3. mál. Græni trefillinn, breytt skilgreining

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á skilgreiningu græna trefilsins dags. 17. september / 6. október 2008, unnin af Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar. Tillagan felur annars vegar í sér breytingu /skerpingu á orðalagi kafla 3.2.10, annars vegar vegna mannvirkja sem heimilt er að reisa innan marka trefilsins og hins vegar vegna heimildar til tímabundinnar losunar ómengaðs jarðvegs innan marka trefilsins.

Afgreiðsla:

Breytingin telst óveruleg breyting á svæðisskipulagi og því einungis lögð fram til kynningar í nefndinni. Tillagan verður send öllum sveitarfélögunum til umfjöllunar og afgreiðslu.

Að tillögu fulltrúa Kópavogsbæjar var samþykkt að fjalla frekar um málið á næsta fundi nefndarinnar.

4. mál. Skipun í framkvæmdanefnd samvinnunefndarinnar.

Fyrir liggur að kalla saman framkvæmdanefnd samvinnunefndarinnar sbr. umræður og samþykkt á 14. fundi samvinnunefndarinnar 8. september sl.

Afgreiðsla:

Samþykkt var að auk formanns, varaformanns og ritara samvinnunefndarinnar taki Svandís Svavarsdóttir Reykjavík, Einar Kr Jónsson Kópavogi og Haraldur Sverrisson Mosfellsbæ sæti í framkvæmdanefndinni.

Gert er ráð fyrir reglulegum fundartíma framkvæmdanefndarinnar 3ja föstudag í mánuði og að nefndin komi saman föstudaginn 24. október nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30

Næsti reglulegur fundur samvinnunefndarinnar verður föstudaginn 7. nóvember 2008.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.